

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 970 (10.12.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024

Málsnúmer : 202005082
Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 10.12.2020

Inngangur : Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið kl. 14:30 til annarra verkefna.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusvið kynnti breytingar sem gerðar hafa verið á fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun 2022-2024 á milli umræðna og helstu niðurstöður samkvæmt meðfylgjandi gögnum úr fjárhagsáætlunarlíkani.

Á 245. fundi félagsmálaráðs þann 8. desember s.l. var eftirfarandi bókað:

"Lagðar voru fram til kynningar hagræðingartillögur sviðsstjóra félagsmálasviðs vegna fjárhagsársins 2021 Félagsmálaráð hefur skilning á því að það þurfi að koma til niðurskurðar í fjármálum sveitarfélagsins en lýsir áhyggjum sínum yfir niðurskurðartillögum félagsmálasviðs og óskar eftir því að ekki þurfi að koma til niðurskurðar í liðum 1,3 og 4 í tillögum félagsmálastjóra. Félagsmálaráð vísar erindinu til byggðarráðs."

Með fundarboði fylgdu einnig eftirfarandi vinnugögn:

Uppfærður búnaðarlisti.

Uppfært yfirlit yfir fjárfestingar og framkvæmdir 2021-2024.

Yfirlit yfir breytingar á launaáætlun milli umræðna.

Yfirlit yfir fjölda stöðugilda 2021 og breytingar frá árinu 2020.

Samantekt sem sýnir þróun launakostnaðar 2019-2021.

Niðurstaða : a) Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun 2022-2024 til síðari umræðu í sveitarstjórn með áorðnum breytingum á lántökum sem gerðar voru á fundinum.
b) Með vísan í ofangreinda bókun félagsmálaráðs þá getur byggðaráð því miður ekki orðið við endurskoðun á fyrri niðurstöðum um hagræðingu og niðurskurð í rekstri. Fyrirhuguð er heildarskoðun á rekstri sveitarfélagsins þar sem ljóst er að þörf er á að rýna í starfssemi sveitarfélagsins heilt yfir miðað við niðurstöður úr áætlunum.